

Alþingi
Erindi nr. þ 139/2323
komudagur 6.5.2011

SFF SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2011

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, þskj. 1248-724. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, 724. mál.

SFF taka undir það sem fram kemur í frumvarpinu um að setja þurfi smálánastarfsemi umgjörð og ramma og telja mikilvægt að starfsemin verði gerð eftirlits- og leyfisskyld. Breytingar samkvæmt frumvarpinu einskorðast hins vegar ekki við smálánastarfsemi heldur taka til allrar lánastarfsemi sem lög um neytendalán varða. Í athugasemdum með frumvarpinu segir:

Svokölluð smálánafyrirtæki hófu starfsemi hér á landi í upphafi árs 2010. Rétt þykir að setja veitingu smálána umgjörð og ramma innan neytendalöggjafarinnar til að tryggja neytendavernd...

Þrátt fyrir að frumvarpinu sé beint að smálánafyrirtækjum, eins og fram kemur í framagreindri málsgrein, þá er aðeins vikið að þeim í einu ákvæði og algjörlega vantar skilgreiningu á hugtakinu smálán og smálánafyrirtæki. Með vísan til tilgangs frumvarpsins verður varla hjá því komist að hugtökin séu skýrð frekar. SFF vilja leggja áherslu á það að almenn lánastarfsemi og lán tengd kreditkortum eru mjög ólík smálánum að því leyti að þau fyrrnefndu byggja á löngu viðskiptasambandi og trausti. Þá hafa viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki þekkingu á viðskiptavinum sínum í gegnum fjölmarga þjónustubætti. Smálánafyrirtæki hafa ekki aðgang að sömu upplýsingum um viðskiptasögu viðkomandi lántaka.

SFF leggja áherslu á það að samtökin telja eðlilegt að smálánastarfsemi sé eftirlitsskyld eins og er markmið frumvarpsins samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum með því. SFF telja að með því að láta lög um neytendalán ná yfir smálán, sbr. 1. gr. frumvarpsins sé því markmiði frumvarpsins náð. Hins vegar telja SFF að eðlilegra sé að smálánastarfsemi verði einnig fundin staðsetning í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Aðrar breytingar í frumvarpinu snúa ekki að smálánafyrirtækjum sérstaklega heldur hafa áhrif á alla lánastarfsemi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

1. gr.

a. liður 1. gr.

Í a. lið 1. gr. frumvarpsins segir að við a. lið 1. mgr. 2. gr. laganna bætist við: og greiða þarf óverulegan kostnað af.

Í greinagerð með ákvæðinu segir að með greininni sé gildissvið laganna útvíkkað svo smálán falli innan gildissviðs þeirra. SFF benda á að óljóst sé hvað teljist „óverulegur kostnaður“ og getur það valdið vandkvæðum í framkvæmd þegar svo matskennt orðalag er notað.

b. liður 1. gr.

Í b. lið 1. gr. frumvarpsins segir að e. liður 1. mgr. 2. gr. laganna falli á brott. Samkvæmt ákvæðinu munu lán sem eru lægri fjárhæð en 15.000 kr. nú falla undir lög um neytendalán.

SFF áréttar að með 1. gr. frumvarpsins sé markmiði þess náð, þ.e. að setja smálánastarfsemi umgjörð. Aðrar breytingar frumvarpsins sem hafa áhrif á alla lánastarfsemi neytendalána fela í sér umfangsmiklar og óbarfar breytingar á lánastarfsemi aðra en smálánastarfsemi.

2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins koma fram skilyrði sem þarf að uppfylla í markaðssetningu neytendalána. SFF benda á það að óljóst er hvað er átt við með orðinu markaðssetning í samhengi við síðari liði greinarinnar sem viðast gera ráð fyrir tilboðum um afmarkaðar lánsfjárhæðir til ákveðins tíma sem unnt sé að nota sem grunn útreikninga um árlega hlutfallstölu kostnaðar o.fl. Markaðssetning lána er oftast tengd ákveðnum þörfum t.d. húsnæðislán, lán til endurbóta á húsnæði o.fl., og er almennt sett fram með upplýsingum um hámarks lengd og vaxtakjör sem geta ráðist af styrk trygginga. Er því ljóst að þau skilyrði sem fram koma í 2. gr. eiga ekki við um margar tegundir lána. SFF telja eðlilegt að ákvæðið tiltaki að þessari framsetning markaðsefni skuli aðeins fylgja þegar það getur átt við.

SFF leggja til eftirfarandi breytingu á ákvæðinu, breytingartillagan er undirstrikuð:

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Við markaðssetningu neytendalána, sem bera vexti eða kostnað eða þar sem einhvern kostnað leiðir af lántökunni, skal lánveitandi veita upplýsingar um eftirfarandi atriði eftir því sem við getur átt:

1. Vexti, þar á meðal upplýsingar um hvort vextir eru bundnir eða breytilegir.
2. Lántökukostnað.
3. Árlega hlutfallstölu kostnaðar, þ.e. heildarlántökukostnað, sem er lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstólsins og reiknuð út skv. 10.–12. gr.
4. Höfuðstól.
5. Lengd lánssamnings.
6. Heildarupphæð þá sem greiða skal, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og lánskostnaðar auk fjölda afborgana.

3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins segir að óheimilt sé að greiða út lán samkvæmt lögnum án þess að greiðslumat hafi farið fram.

Hér er lögð til grundvallar breyting á lánastarfsemi til neytenda. Með vísan til þess sem áður segir um það sem skilur á milli almennrar lánastarfsemi og smálána, sérstaklega í ljósi lítillar markaðshlutdeildar síðarnefndu lánanna er hér mjög langt seilst. Þrátt fyrir að umfjöllunarefni frumvarpsins sé smálán samkvæmt því sem fram kemur í greinagerð með frumvarpinu þá fæst ekki betur séð en greiðslumatið sé látið ná til allrar lánastarfsemi sem falla undir lög um neytendalán. Eins og að ofan greinir virðist nauðsynlegt að skilgreina smálán sérstaklega og láta nýtt ákvæði um greiðslumat ná eingöngu til þeirra til þess að frumvarpið nái tilgangi sínum.

Áhættustýringarsjónarmið og sett lög leiða til þess að við tiltekna lánaveitingar er greiðslumat viðhaft, en hér virðist sem starfsemi smálánafyrirtækja eigi að verða til þess að öll útlán einstaklinga verði háð greiðslumati þar á meðal yfirdráttarheimildir, kortaheimildir, kortalán og staðgreiðslulán. Löng hefð er fyrir því að einstaklingar geti fengið slík lán með tiltölulega einföldum hætti t.d. tímabundna hækkun yfirdráttar eða kortaheimildar til að brúa óregluleg útgjöld. Þá hvílir greiðsluþjónusta að miklu leyti á lánveitingum til viðskiptavinar nokkrum sinnum yfir 12 mánaða tímabil. Ljóst virðist, að sjaldnast væri nokkur leið að koma við greiðslumati þegar slík lán eru annars vegar. Útlánaákvörðanir þeim tengdar byggjast oftast en ekki á löngu viðskiptasambandi eins og fyrr segir. Ekki er vitað til þess að ráðgjafastofa eða umboðsmaður skuldara hafi greint frá sérstökum vanda tengdum slíkum lánnum og því erfitt að sjá að þörf sé á því að stemma stigum við því sem gæti flokkast sem smálán á almennum markaði.

Ef lánveitendur verða skyldaðir til að framkvæma greiðslumat áður en lánsúmsókn er samþykkt hefur slíkt í för með sér gríðarlega mikla söfnun persónuupplýsinga. Slíkt getur verið illframtæklegt t.d. þegar kemur að staðgreiðslulánum sem eru veitt hjá mismunandi söluaðilum. Slík söfnun persónuupplýsinga og vinnsla þeirra mun þá hafa í för með sér kostnað sem leiðir til hærra kostnaðar við lántöku.

Í athugasemdum með 3. gr. frumvarpsins kemur fram að þessi skylda sé í samræmi við grundvallar hugmyndir 8. gr. tilskipunar 2008/48/EB um neytendalán. SFF vekja athygli á því að ef tilskipunin leiðir til þess að óheimilt verði að greiða út lán án þess að greiðslumat fari fram og löggjafinn hyggst gera slíkar breytingar þá er eðlilegra að það sé gert samhliða breytingum á lögum um neytendalán. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur nú þegar skipað nefnd til að vinna að frumvarpi um breytingar á lögum um neytendalán og á umræða um svo veigamiklar breytingar, eins og 3. gr. frumvarpsins felur í sér, heima hjá þeirri nefnd, en ekki í frumvarpi sem snýr að sérstakri lagabreytingu varðandi smálán.

Þá benda SFF einnig á að aðlögunartíma vantar á ákvæðið en ekki er raunhæft að gera þá kröfu á fjármálafyrirtækja að framkvæma greiðslumat á öll lán án þess að tími gefist til að undirbúa slíkt og ýtir það en undir þá niðurstöðu að þessar breytingar eiga ekki heima í frumvarpi sem snýr að smálánafyrirtækjum heldur hjá nefnd sem fjallar um breytingar á lögum um neytendalán. Þegar lög um

neytendalán tóku gildi á sínum tíma var fjármálafyrirtækjum gefin 6 mánaða aðlögunartími áður en ákvæði laganna tóku gildi. SFF telja mikilvægt að ef raunin verður sú að greiðslumats verði krafist fyrir útgreiðslu allra lána þá verði fjármálafyrirtækjum gefin nægur tími til að aðlagga sig að þeim breytingum.


4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins koma hugtökin smálán og smálánastarfsemi fram án þess að nánari útskýringu sé að finna á hugtökunum. Með vísan til tilgangs frumvarpsins og því sem áður hefur komið fram verður tæpast hjá því komist að setja fram skilgreiningar á þessum hugtökum.

Að lokum vilja SFF ítreka að samtökin telja eðlilegast að umgjörð um smálán verði fundinn staður í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

SFF eru hvenær sem er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar og skýra sjónarmið sín frekar, verði þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur